

Reykjavíkurborg  
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2020  
Tilvísun: OS2019010105/50.4.3  
Verknúmer: 3340300

**Efni: Beiðni um umsögn Reykjavíkurborgar um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til töku efnis af hafsbotni utan netlaga í Engeyjarnámu í Kollafirði**

Þann 16. janúar 2019 sótti Björgun ehf. um endurnýjun leyfis til nýtingar malarefnis af hafsbotni í svonefndri Engeyjarnámu í Kollafirði með vísan til 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Í umsókninni var vísað til þess að fyrirtækið hefði unnið að nýtingu malarefnis úr námunni í samræmi við leyfi til töku á allt að 200.000 m<sup>3</sup> af efni, útgefnu af Orkustofnun þann 3. nóvember 2009 en nú væri það magn uppurið. Því sótti Björgun um heimild til að taka 125.000 m<sup>3</sup> til viðbótar úr námunni.

Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 21. janúar 2019. Í samskiptum við umsækjanda benti Orkustofnun á að slík efnistaka gæti fallið undir ákvæði laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og í kjölfar þess barst Orkustofnun bréf, dags. 24. júní 2019, þar sem Björgun ehf. upplýsti um að send hefði verið tilkynning til Skipulagsstofnunar í samræmi við 6. gr. laganna, sbr. lið 13.02 í I. viðauka þeirra. Jafnframt var þess óskað að Orkustofnun veitti bráðabirgðaleyfi til töku 125.000 m<sup>3</sup> úr námunni meðan á því ferli stæði.

Orkustofnun sendi umsækjanda bréf dags. 30. september 2019 þar sem fram kom það mat stofnunarinnar að í ljósi þess að Björgun ehf. hefði fullnýtt það efni í Engeyjarnámunni sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum árið 2008 væri umsótt efnismagn umfram tilgreind mörk og Orkustofnun væri óheimilt að veita slíkt leyfi nema að undangenginni málsmeðferð Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun birti þann 22. nóvember 2019 ákvörðun sína um að fyrirhuguð efnistaka á allt að 125.000 m<sup>3</sup> til viðbótar úr Engeyjarnámu væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og því væri framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


Með bréfi dags. 4. desember 2019 sótti Björgun ehf. að nýju um töku á 125.000 m<sup>3</sup> úr Engeyjarnámu, með vísan til fyrri bréfaskrifta um það mál og umfjöllunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Í kjölfar frekari samskipta kom fram í tölvupósti dags. 3. janúar 2020 frá Lex Lögmannsstofu f.h. Björgunar ehf., að sótt er um nýtingarleyfi til 10 ára.



Orkustofnun hefur að nýju farið yfir umsókn Björgunar ehf. og telur hana uppfylla nauðsynlegar kröfur þar að lútandi. Enda þótt Reykjavíkurborg sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að gefa sveitarfélaginu kost á að veita umsögn um meðfylgjandi erindi m.t.t. þeirra hagsmuna sem Reykjavíkurborg kann að hafa á umræddu svæði. Óskað er eftir því að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en fimmtudaginn 19. mars 2020. Berist umsögn ekki innan tilskilins frests lítur stofnunin svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra

  
Kristján Geirsson  
verkefnastjóri

  
Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur

*Afrit:* Björgun ehf.

*Fylgiskjöl:*

Umsókn Björgunar ehf., dags. 16. janúar 2019 ásamt fylgiskjölum.


Fyrirspurn Björgunar ehf. til Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 24. júní 2019, ásamt samantekt á niðurstöðum leitar að malarefni í Engeyjarnámu.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 22. nóvember 2019 um matsskyldu áframhaldandi efnistöku í Engeyjarnámu.

Bréf Lex Lögmannsstofu f.h. Björgunar ehf. dags. 4. desember 2019 með endurnýjaðri umsókn um leyfi til efnistöku af hafsbotni.



ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	16.01.2019	Ábm.	BGE
Málsnúmer	052019010105	Aðrir	FG
Skjalalykill	5043	---	SGH
Verknúmer	3390300	Trún.	STW
Fekj./atfs.	264	Afrit til	



Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2019

**Efni: Umsókn um endurnýjun leyfis til nýtingar malarefnis af hafsbotni í Engeyjarnámu í Kollafirði skv. lögum um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins nr. 73/1990.**

## Inngangur

Björgun ehf. hefur unnið að nýtingu malarefnis úr sjó um áratugaskeið. Fyrirtækið hefur leyfi til efnistöku á níu svæðum í Kollafirði, þremur svæðum í Hvalfirði og þremur svæðum við Syðra-Hraun í Faxaflóa. Öll leyfin voru gefin út árið 2009, til 10 ára. Þar sem leyfin renna út árið 2019 hefur Björgun nú hafið vinnu við endurskoðun á leyfum, en þau eru grundvöllur starfsemi fyrirtækisins. Björgun hefur nú þegar sótt um leyfi til leitar á efni í Kollafirði, en niðurstöður þeirrar leitar mun nýtast við endurnýjun leyfa í Kollafirði.

Björgun hefur leyfi til efnistöku í Engeyjarnámu til nóvember 2019 til töku á allt að 200.000 m<sup>3</sup>. Nú er svo komið að því magni hefur verið náð. Af þeim sökum er sótt um bráðabirgðaleyfi til töku 125.000 m<sup>3</sup> úr Engeyjarnámu út árið 2019 innan núverandi námumarka. Umsókn um leyfi til áframhaldandi efnistöku í Engeyjarnámu sem og öðrum námum í Kollafirði verður endurskoðað eftir að leit á efni hefur farið fram.

## Lýsing á námu

### Engeyjarnáma

Engeyjarnáman er ein af stærri námum Björgunar og ein sú mikilvægasta í Kollafirði á undanförunum árum. Unnið hefur verið um 200.000 m<sup>3</sup> efnis úr námunni samkvæmt núgildandi leyfi, en það er það magn sem leyfi er fyrir.

Suður af Engeyjarnámu er gömul náma sem hefur verið nýtt sem losunarstaður fyrir dýpkunarefni sem Faxaflóahafnir hafa ekki getað komið fyrir í landfyllingum sínum. Því fyrirkomulagi verður haldið áfram. Losunarsvæðið er ekki hluti af þeirri námu sem leyfi er fyrir og sótt er um áframhald á.

Efni úr námunni verður áfram nýtt til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik auk annarrar mannvirkjagerðar svo sem fyllinga.

### *Lýsing á efnistöku samkvæmt umsókn um endurnýjað leyfi*

Lagt er til að efnistöku verði fram haldið innan núverandi leyfismarka. Sótt er um efnistöku á allt að 125.000 m<sup>3</sup> úr Engeyjarnámu til bráðabirgða út árið 2019.

## Umsókn um áframhaldandi nýtingarleyfi

Að framansögðu sækir Björgun ehf. hér með um leyfi til áframhaldandi nýtingar á malarefni af hafsbotni í Engeyjarnámu í Kollafirði og eru eftirfarandi nánari

upplýsingar um námuna í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar vegna umsókna skv. lögum um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins nr. 73/1990.

**1) Tegund leyfis**

Sótt er um leyfi til nýtingar á allt að 125.000 m<sup>3</sup> af malarefni í sömu námu og nú er nýtt við Engey í Kollafirði.

**2) Gerð auðlindar sem leita skal að eða sem á að vinna**

Um er að ræða malarefni á sjávarbotni sem nýtt yrði til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik auk annarrar mannvirkjagerðar svo sem fyllinga.

**3) Tilgangur framkvæmdar og rannsóknarmarkmið**

Tilgangur Björgunar ehf. með nýtingu námunnar er fyrst og fremst að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbiki.

**4) Staðarmörk leitarsvæðis og/eða hnitamörk vinnslusvæðis**

Björgun ehf. óskar hér með eftir því að fá áframhaldandi leyfi til nýtingar malarefnis á hafsbotni í Engeyjarnámu í Kollafirði sem afmörkuð eru á korti í fylgiskjali 1 og ber eftirfarandi hnit:

**Engey:**

	X	Y
A	358946	410654
B	358889	410996
C	358893	411301
D	359175	411309
E	359301	411222
F	359506	410669
G	359601	410506
H	359543	410386
I	359429	410263
J	359379	410066
K	359326	410051
L	359078	410234

**5) Hvenær starfsemi skal hefjast og hvenær henni skuli lokið**

Sú náma sem óskað er eftir nýtingarleyfi fyrir er náma sem er nú þegar með leyfi og hefur verið nýtt um árabíl. Óskað er eftir að nýting efnis á hafsbotni í Engeyjarnámu í Kollafirði haldi áfram eins og verið hefur um leið og leyfi liggur fyrir. Óskað er eftir að leyfið gildi út árið 2019.

**6) Fyrirhuguð not**

Gert er ráð fyrir að efni úr námunni verði nýtt til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik og til annarrar mannvirkjagerðar.

**7) Áætlað efnismagn**

Sótt er um leyfi til nýtingar á 125.000 m<sup>3</sup>.

**Öryggis- og umhverfisráðstafanir, eins og við á**

Í starfsemi Björgunar er leitast við að fylgja öllum gildandi reglum um ráðstafanir vegna öryggis og umhverfis.

Með umsókninni eru þrjú fylgiskjöl.

**Fylgiskjal 1:** Kort með hnitsettum mörkum vinnslusvæðis sem sótt er um.

**Fylgiskjal 2:** Kornakúrfa úr námunni.


**Fylgiskjal 3:** Berggreining úr námunni.

Einnig er vísað til mats á umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni í Kollafirði sem unnið var að árið 2009.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Björgunar

A handwritten signature in blue ink that reads "Lárus Dagur Pálsson".


Lárus Dagur Pálsson



# Fylgiskjal 1

Námur







# Ósk um stækkun/ nýtt leyfi



Heimild: ISÖV Samátt L.P.C., 2018  
 Heftikerfi: ISN83  
 Verkefni: 7 120 327  
 Stöð: v. 15. 1. 2019  
 Skoðing: 15. 1. 2019  
 Skrá: Stækkun\_nytt\_Engaynna




 Ósk um stækkun/nýtt leyfi  
 115 m frá strandlínu



Fylgiskjal 2

Sáldurferlar

Dags: <b>08.01.2009</b>	<b>Prófunarskýrsla Kornastærðargreining</b>	 <b>MANNVIT</b> <small>VERKFRÆÐISFRÖG</small>
Verk-ranns.nr.: <b>7 010 545-01</b>		
Frankvæmd <b>SÁ/BÓS</b>		


Verkkaupi:	<b>Björgun hf</b>
Fulltrúi verkkaupa:	<b>Sævarhöfða 33 112 Reykjavík</b>
Upplýsingar um sýni:	<b>Guðmundur Símonarson</b>
Verk:	
Sýni nr. / staðsetning:	<b>Engeyjarnáma; A / X: 359056 Y: 410216</b>
Sýnataka:	<b>Áðsent sýni, móttakið 23.12.2008</b>
Stærð sýnis (þurr heildarmassi):	<b>27 247 g</b>

Efnisiginleikar	Rakainnihald ÍST EN 1097-5												
Heildarefni	7,2 %												

**Kornastærðardreifing efnis**  
Þurrsigtun: ÍST EN 933-1


Möskvastærð (mm)	0,063	0,125	0,250	0,500	1,0	2,0	4,0	8,0	11,2	16,0	22,4	31,5	63,0	125,0
Sáldur (%)	0,2	0	2	5	10	18	24	32	36	42	51	60	85	100

Vogir notaðar: 1.2.5: OHAUS rafteindavog, mælisvið 0-4 kg og 1.2.6: Rafteindavog 0-150 kg  
Nákvæmni: 1.2.5: 0,01 g fyrir < 799 g og 0,1 g fyrir > 800 g; 1.2.6: 2 g



Með kveðju

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir  
verkfræðingur

Dags:	06.01.2009	<b>Prófunarskýrsla</b> <b>Kornastærðargreining</b>	 <b>MANNVIT</b> <small>VEITINGARFRUMVEIÐI</small>
Verk-ranns.nr.:	7 010 545-01		
Frankvæmd	BÓS		

Verkkaupi:	<b>Björgun hf</b>
Fulltrúi verkkaupa:	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Upplýsingar um sýni:	Guðmundur Símonarson
Verk:	
Sýni nr. / staðsetning:	Engeyjarnáma, B / X: 359143; Y: 411095
Sýnataka:	Aðsent sýni, móttækið 23.12.2008
Stærð sýnis (þurr heildarmassi):	16 272 g

Efnisciginnleikar	Rakainnihald ÍST EN 1097-5													
Heildarfni	7,9 %													


### Kornastærðardreifing efnis

Þurrsigtun: ÍST EN 933-1

Möskvastærð (mm)	0,063	0,125	0,250	0,500	1,0	2,0	4,0	8,0	11,2	16,0	22,4	31,5	63,0	125,0
Sáldur (%)	0,2	2	3	4	6	14	36	61	72	80	86	91	98	100

Vogir notaðar: 1.2.5: OHAUS rafindavog, mælisvið 0-4 kg og 1.2.6: Rafindavog 0-150 kg

Nákvæmni: 1.2.5: 0,01 g fyrir < 799 g og 0,1 g fyrir > 800 g; 1.2.6: 2 g




Athugasemdir:

Með kveðju

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir  
verkfræðingur





# Fylgiskjal 3

## Berggreiningar

Dagsetning : 15.01.2009  
Verk-ranns.nr.: 7 010 545-01  
Greining : HHA

PRÓFUNARSKÝRSLA  
BERGGREINING



Verkkaupi : Björgun hf  
Heimilisfang: Sævarhöfða 33 112 Reykjavík  
Fulltrúi verkkaupa : Guðmundur Símonarson  
Sýni nr. / sýnataka: A / Aðsent sýni, móttekið 23.12.08  
Náma / Staðsetning : Engey X: 359056 Y: 410216

Staðall / Aðferð: ÍST EN 932-3 / Rb57 / ASTM C 295  
Kornastærð greind: 16-31,5 mm

BERGGERÐ:

Fjöldi korna	Hlutfall [%]	Lýsing (Bergtegund-ummyndunarstig-þéttleiki-annað)
93	46,0	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
59	29,2	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, Blöðrött
24	11,9	Basalt, ummyndað, þétt
12	5,9	Basalt, ummyndað, Blöðrött
8	4,0	Basaltgler, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
1	0,5	Basaltgler, ferskt eða lítillega ummyndað, Blöðrött
3	1,5	Basaltgler, ummyndað, þétt
1	0,5	Líparít, mjög ummyndað, þétt
1	0,5	Skeljabrot

Alls : 202 100,0

LÖGUN:


Form (kylni) : Flest kúbísk  
Ávali : Hálfnúin/Núin  
Áferð : Slétt

TÆKNILEG ATRÍÐI:

Hreinleiki korna : \_\_\_\_\_

ATHUGASEMDIR: Brún veðrunarkápa á flestum glerkornunum.  
Basaltkornin mörg að hluta gler.



Dagsetning :	<b>08.01.2009</b>	<b>PRÓFUNARSKÝRSLA BERGGREINING</b>	 <b>MANNVIT</b> <small>VERKFRÆÐISSTOFAN</small>
Verk-ranns.nr.:	<b>7 010 545-01</b>		
Greining :	<b>Hha</b>		

<b>Verkkaupi :</b>	<b>Björgun hf</b>
Heimilisfang:	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Fulltrúi verkkaupa :	Guðmundur Símonarson
Sýni nr. / sýnataka:	Aðsent, sýni móttækið 23.12.2008
Náma / Staðsetning :	Engeyjarnáma, B / X: 359143; Y: 411095

Staðall / Aðferð:	ÍST EN 932-3 / Rb57 / ASTM C 295
Kornastærð greind:	4/11,2 mm

**BERGGERD:**

Fjöldi korna	Hlutfall [%]	Lýsing (Bergtegund-ummyndunarstig-þéttleiki-annað)
10	4,5	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
1	0,4	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, Blöðrótt
10	4,5	Basalt, ummyndað, þétt
1	0,4	Basalt, ummyndað, Blöðrótt
11	4,9	Basalt, mjög ummyndað, þétt
2	0,9	Basalt, mjög ummyndað, Blöðrótt
107	47,8	Basaltgler, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
14	6,3	Basaltgler, ferskt eða lítillega ummyndað, Blöðrótt
20	8,9	Basaltgler, ummyndað, þétt
5	2,2	Basaltgler, ummyndað, Blöðrótt
1	0,4	Basaltgler, mjög ummyndað, Blöðrótt
1	0,4	Líparft, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
41	18,3	Skeljabrot

Alls :      224      100,0

**LÖGUN:**

Form (kylmi) :	<u>Kúbísk</u>
Ávali :	<u>Hálfkantað</u>
Áferð :	<u>Hrjúf</u>

**TÆKNILEG ATRÍÐI:**

Hreinleiki korna : Lítilllega finefnasmurð

**ATHUGASEMDIR:** Skýrsla endurútfegin 15. janúar 2009 með leiðrétum upplýsingum um kornastærðarflokk.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_







**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík**

Reykjavík, 24. júní 2019

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – fyrirspurnum um matsskyldu framkvæmdar vegna breytingar á efnistöku í Engeyjarnámu í Kollafirði**

**A. Inngangur**

Björgun ehf., kt. 460169-7399 („Björgun“), tilkynnir hér með Skipulagsstofnun um fyrirhugaða breytingu á efnistöku í Engeyjarnámu í Kollafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 160/2000, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

**B. Fyrirhuguð framkvæmd**

*(i) Forsaga*

Björgun hefur unnið að nýtingu malarefnis úr sjó í Kollafirði um áratugaskeið en fyrsta leyfið var veitt af iðnaðarráðuneytinu á árinu 1990. Engeyjarnáman er ein af stærri námum Björgunar og hefur reynst vera ein sú mikilvægasta í Kollafirði á undanförunum árum.

Þann 3. nóvember 2009 var Björgun veitt leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði við Kjalarnes, Leiruvog, Engey og Viðey til 10 ára, sbr. fylgiskjal 1. Leyfið tekur til töku malar og sands af hafsbotni og takmarkaðist það m.a. við allt að 200.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði við Engey, sbr. hnitamerkt efnistökusvæði í leyfinu. Í aðdraganda útgáfu leyfisins var unnin matsskýrsla, sbr. fylgiskjal 2.

Eins og kemur fram í matsskýrslu þá er um að ræða tvær efnisgryfjur en náman í heild sinni er á 3 – 23 metra sjávardýpi. Þegar leyfið var veitt á árinu 2009 var talið að vinnanlegt efni í námunni væri um 200.000 rúmmetrar.


Samkvæmt nýlegum rannsóknum sem fóru fram á námunni, með vísan til leyfis Orkustofnunar til leitar og rannsókna á lausum jarðefnum á hafsbotni á nánar tilgreindum svæðum í Kollafirði, Faxaflóa, dags. 31. maí 2019, sbr. fylgiskjal 3, er um að ræða mun meira magn af vinnanlegu magni í námunni, sbr. fylgiskjal 4.

*(ii) Fyrirhuguð framkvæmd*

Með leyfisumsókn til Orkustofnunar, dags. 16. janúar 2019, óskaði Björgun eftir bráðabirgðaleyfi til töku allt að 125.000 rúmmetra í Engeyjarnámu til nóvember 2019, sbr. fylgiskjal 4. Þegar leyfisumsóknin var lögð fram hafði Björgun þegar unnið um 200.000 rúmmetra úr námunni.

Með bréfi, dags. 24. júní 2019, óskaði Björgun eftir því við Orkustofnun að bráðabirgðaleyfið yrði veitt til eins árs og upplýsti Björgun jafnframt Orkustofnun um að félagið myndi samhliða bréfinu tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða breytingu á efnistöku í Engeyjarnámu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 160/2000, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna, sbr. fylgiskjal 5.

Hin fyrirhugaða framkvæmd miðar við sama efnistökusvæði og fram kemur í núgildandi leyfi, sbr. fylgiskjal 1. Á mynd 1 er jafnframt hnitsettur uppdráttur, en um er að ræða sömu hnit og í núgildandi leyfi, sjá einnig fylgiskjal 6.



**Mynd 1** Yfirlitsmynd af námusvæði.

Um er að ræða malarefni á sjávarbotni sem nýtt yrði til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik auk annarrar mannvirkjagerðar, svo sem fyllinga. Tilgangur Björgunar með nýtingu námunnar er fyrst og fremst að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbiki.

Efnistaka Björgunar ehf. fer fram með dæluskipum, sem dæla efni af hafsbotni. Skipin hafa búnað til efnistöku á allt að 40 metra dýpi og er burðargeta þeirra annars vegar 280-300 rúmmetrar og hins vegar 1.200-1.400 rúmmetrar.

Efnistaka í Kollafirði hefur farið fram með svonefndri holudælingu. Með því er átt við að dælurörið er látið gera holu í efnið og síðan dælt úr henni. Þegar komið er niður úr efnislaginu, er holan síðan stækkuð í lárétta stefnu í þær áttir sem efnislinsan liggur. Þá á Björgun gröfupramma sem gerir það að verkum að unnt er að vinna efni með uppgreftri í stað dælingar þar sem það á við. Til greina kemur að nota gröfupramma ásamt dælingu til efnistöku í framtíðinni þar sem hægt er að koma því við. Ekki er gerður greinarmunur á umhverfisáhrifum eftir því hvor aðferðin er notuð.

### C. Matsskylda

Hin fyrirhugaða framkvæmd fellur undir grein 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum en þar segir:

*„Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, og flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa veruleg umhverfisáhrif.“*

### D. Umhverfisáhrif

Þegar matsskýrslan var unnin, fylgiskjal 2, voru unnir líkanreikningar sem gefa til kynna hvort stækkun efnisgrýfja hafi áhrif á strandrof. Líkanreikningarnir gáfu til kynna að stækkun námanna gæti aukið álag á þrjú strandsvæði. Ekki var talið að stækkun Engeyjarnámu myndi hafa áhrif á strandrof en í niðurstöðu Siglingastofnunar var eftirfarandi niðurstaða um Engeyjarnámu:

*„Náman hefur áhrif á austurströnd Engeyjar og malarrif suður úr henni. Ströndin er í góðu skjóli gagnvart úthafsöldu. Mesta breyting á ölduhæð fyrir og eftir námuvinnslu er 2% sem er innan marka bæði fyrir grágrýtisströnd austan á Engey, við malarrifið suður úr eyjunni og einnig við grjóttvarða strönd við Sæbraut. Þá er minnst dýpi við námu innan við viðmiðunarmörk. Náman er innan viðmiðunarmarka.“*

. Björgun telur ekki ástæðu til að ætla annað en þetta verði óbreytt þó tekið verði meira úr námunni. Í leyfi Orkustofnunar til nýtingar námunnar, sem og annarra náma í Kollafirði, var ekki talin ástæða til að hafa inni ákvæði um vöktun áhrifa vegna strandrofs.

Enn fremur kom fram í matsskýrslu að samkvæmt botndýrarannsókn væri talið að verndargildi svæðanna með tilliti til botndýra væri lítið þar sem tegundafjölbreytileiki væru lítill og þær tegundir sem fundust voru algengar. Af þeim sökum var talið að áframhaldandi efnistaka hafi óveruleg áhrif á lífríki á þessum slóðum. Þá kemur fram í matsskýrslu að almennt væri talið að áhrifa gruggs gæti 50-300 m frá efnistöku. Sökum þess að verndargildi lífríkis væri talið lítið á þessum slóðum var talið að vægi áhrifa vegna gruggmyndunar yrði óverulegt. Björgun telur þetta vera óbreytt.

Auk þessa kom fram í matsskýrslu að efnistaka færi fram úr malarhjöllum frá Nútíma. Unnið hefði verið efni úr slíkum hjöllum á landi víða á höfuðborgarsvæðinu og ekki væri talið að malarhjallarnir byggju yfir sérstöku verndargildi enda hafi það ekki komið til tals til þessa við aðra efnistöku. Vegna þessa var talið að áhrif áframhaldandi efnistöku á jarðfræði svæðisins væru óveruleg. Björgun telur þetta vera óbreytt.

Þá kemur fram í matsskýrslu að veiði nytjastofna hafi verið nokkuð sveiflukennd síðustu árin en veiðin væru einkum á línu, net og handfæri, en veiði hafi átt sér stað samhliða efnistöku í áratugi. Ekki var talið að efnistaka hefði áhrif á hrygningu nytjastofna. Björgun telur þetta vera óbreytt.

Niðurstöður rannsókna samkvæmt matsskýrslunni gáfu ekki tilefni til vöktunar umhverfisáhrifa umfram það sem fram fer í tengslum við nýtingarleyfi. Þannig taldi framkvæmdaaðili að frekari efnistaka Björgunar í Kollafirði, þ.m.t. Engeyjarnámu, kæmi til með að hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér á heildina lítið. Björgun telur þetta vera óbreytt.

Að öðru leyti vísar Björgun til matsskýrslu, fylgiskjal 2.

E. Skipulag og leyfi

Efnistaka í Engeyjarnámu er háð leyfi frá Orkustofnun í samræmi við lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Björgunar

---

Lárus Dagur Pálsson

**Björgun**  
**Lárus Dagur Pálsson**  
**Sævarhöfða**  
**112 Reykjavík**

Reykjavík, 24. júní 2019


### **Efni: Samantekt á niðurstöðum leitar að malarefni í Engeyjarnámu í Kollafirði**

#### **Inngangur**


Björgun ehf. fékk leyfi til leitar að malarefni á hafsbotni á nokkrum svæðum í Kollafirði í lok maí 2019. Nú þegar hefur átt sér stað leit að malarefni á hafsbotni í Engeyjarnámu og er eftirfarandi stutt samantekt á helstu niðurstöðum sem nýtast sem innlegg í bráðabirgðaleyfi sem Björgun mun sækja um vegna mikilvægis þess efnistökusvæðis.

#### **Helstu niðurstöður**

Samkvæmt nýlegum rannsóknum sem fóru fram á Engeyjarnámu, með vísan til leyfis Orkustofnunar til leitar og rannsókna á lausum jarðefnum á hafsbotni á nánar tilgreindum svæðum í Kollafirði, Faxaflóa, dags. 31. maí 2019, er um að ræða mun meira magn af vinnanlegu seti í námunni en áður var talið. Á mælingasvæðinu voru kortlögð þrjú lög af Nútímaseti og eru tvö þeirra (Lag 2 og Lag 3) talin innihalda vinnanlegt set.. Myndir sem sýna lög tvö ásamt áætluðu efnismagni innan núverandi leyfismarka má sjá hér að neðan.



Mynd 1. Hluti af setþykktarkorti af lagi 2. Rúmmál vænlegs efnis sýnt.



Mynd 2. Hluti af setþykktarkorti af lagi 3 innan Engeyjarnámu. Rúmmál efnis sýnt.

Myndir 1 og 2 sýna efnismagn í lögum 2 og 3 innan núverandi leyfismarka. Samanlagt er það yfir 700.000 m<sup>3</sup>.

Virðingarfyllst,  
Kjartan Thors

---

## Áframhaldandi efnistaka í Engeyjarnámu, Kollafirði

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 12. september 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Björgun ehf. um fyrirhugaða áframhaldandi efnistöku í Engeyjarnámu, Kollafirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Áframhaldandi efnistaka í Engeyjarnámu í Kollafirði. Fyrirspurn um matsskyldu. Björgun ehf, september 2019.


Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með tölvupósti dags. 27. september 2019.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 5. nóvember 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 10. október 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 8. október 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 15. og 16. október 2019.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Björgun hefur frá september 2009 haft leyfi til að nema efni af hafsbotni í Engeyjarnámu ásamt öðrum námum í Kollafirði. Það leyfi takmarkaðist við 200.000 m<sup>3</sup> sem var það efni sem talið var að myndist í námunni, Björgun er búin að fullnýta fyrra leyfismagn. Samkvæmt nýlegum rannsóknum hefur komið í ljós að efnismagn í námunni er meira en fyrr var talið og því stefnir Björgun á að vinna allt að 125.000 m<sup>3</sup> til viðbótar úr námunni.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir fyrri efnistökusvæði Engeyjarnámu (gul svæði) ásamt áætluðu efnistökusvæði (græn svæði).

Fyrirhuguð framkvæmd felst í áframhaldandi efnistöku í á sama efnistökusvæði í Engeyjarnámu austur af Engey á vegum Björgunar ehf. Áætlað er að taka áður nefnt magn til viðbótar þeim 200.000 m<sup>3</sup> sem hafa verið teknir. Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbik. Efnistakan mun fara fram með dæluskipum með holudælingu eða með gröfuprappa.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Strandrof

Fram kemur í greinagerð að líkanaútreikningar úr mati á áhrifum efnistökkunnar frá 2008 hafi gefið til kynna að efnisnám í Engeyjarnámu myndi ekki hafa áhrif á strandrof og að niðurstaða Skipulagsstofnunar í umhverfismatinu hafi verið sú að naman hefði áhrif á austurströnd Engeyjar og malarrif suður af henni. Breyting á ölduhæð væri þó innan 2% marka fyrir grágrýttisströnd og malarrif sunnan eyjarinnar. Björgun telur að niðurstaðan sé óbreytt þó tekið verði meira úr námunni og bendir á að í leyfi Orkuskiptunnar hafi ekki verið talið tilefni til vöktunar á strandrofi vegna efnisnámsins.





Umfang fyrirhugaðrar efnistöku er nokkurt sé miðað við þau magnbundnu viðmið fyrir námuíðnað sem birtast í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða námu þar sem efnistaka hefur átt sér stað í áratugi og mun fyrirhuguð aukning á efnistöku alfarið fara fram innan sama efnistökusvæðis og áður, á svæði sem er töluvert raskað. Áhrif á botndýralíf munu að öllum líkindum vera óveruleg vegna þess að ekki er verið að færa út mörk efnistökusvæðisins og því ekki verið að breyta fyrra áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Ekkert verndarsvæði er í nágrenni framkvæmdarsvæðisins eða innan áhrifasvæðis vegna efnisnámsins. Ekki er að sjá að þau svæði sem framkvæmd er líkleg til að hafa áhrif á séu á einhvern hátt viðkvæm.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felast fyrst og fremst í gruggmyndun og mögulega strandrofi á Engey. Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila hefur núverandi efnistaka haft óveruleg áhrif á strandrof við Engey en engin vöktun hefur verið á áhrifum fyrri efnistöku. Skipulagsstofnun telur að áhrif aukinnar efnistöku séu bundin við afmarkað svæði og þar sem efnistaka hefur farið fram á svæðinu í áratugi séu helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar nú þegar komin fram og ekki sé líklegt að aukin efnistaka hafi umtalsverð áhrif til viðbótar.

#### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. janúar 2020.

Reykjavík, 22. nóvember 2019

  
Egill Þórarinnsson

  
Jón Þórir Þorvaldsson



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að hér sé um að ræða umtalsverða aukningu á efnisvinnslu frá fyrra leyfi um allt að 200.000 m<sup>3</sup> efnistöku. Einnig að forsendur fyrir líkanaútreikningum hafi breyst frá því að þeir hafi verið gerðir og því sé nauðsynlegt að uppfæra líkön með tilliti til hækunar sjávarstöðu sem gerist hraðar en áður var gert ráð fyrir. Í eyjunni sé að finna varpsvæði sjófugla og því sé mikilvægt að vita hvort að námavinnslan hafi áhrif á ölduhæð, strandrof og flóðahættu.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að um sömu gryfju sé að ræða og sett var inn í líkan Siglingastofnunar og að strönd Engeyjar sé enn í góðu skjóli gangvart úthafsöldu líkt og fram hafi komið í skýrslu Siglingastofnunar. Ekki megi ætla að ölduhæð vaxi með hærri sjávarstöðu en að sjór gangi lengra á land óháð efnistökgryfja í sjó.

### **Botndýralíf**

Fram kemur að verndargildi svæðanna með tilliti til botndýra sé lítið og að þær tegundir sem hafi fundist séu algengar. Í matsskýrslu frá 2008 hafi komið fram að áhrif gruggs vegna efnisnámsins gæti í 50-300 metra fjarlægð frá efnistökuastað og að vegna þess að verndargildi lífríkis á svæðinu sé lítið sé vægi áhrifa vegna gruggmyndunar óverulegt. Telur Björgun að þetta sé óbreytt.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að engin ný gögn um áhrif námuvinnslunnar hafi fylgt erindinu. Ítrekar stofnunin því umsögn sína um leyfisveitingu Orkustofnunar frá 2009 þar sem bent er á að í áliti Skipulagsstofnunar komi fram að nauðsynlegt sé að finna skynsamleg viðmið og aukabekkingu á vistkerfi Kollafjarðar. Þar sem fullnægjandi rannsóknir vanti ætti að binda leyfisveitingu við styttri tíma, leggja grunn að viðmiðum með rannsóknum og meta áframhaldandi leyfisveitingu með tilliti til niðurstaðna og vöktunar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif af völdum efnistökkunnar í mati frá 2008 hafi verið talin óveruleg. Ekki sé ástæða til að ætla að það hafi breyst vegna þess að samfleytt hafi verið unnið úr námunni síðan. Björgun telji það ekki forsvaranlegt að fara fram á frekari botndýralífrannsóknir í námu sem unnið hafi verið malarefni úr í áratugi og rannsóknir sem gerðar hafi verið bendi til að botndýralíf sé takmarkað.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Framkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

## **6 NIÐURSTAÐA**

Um er að ræða aukna efnistöku um allt að 125.000 m<sup>3</sup> úr Engeyjarnámu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### **Eðli og staðsetning framkvæmdarinnar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, meðal annars umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Jafnframt ber að taka mið af staðsetningu framkvæmdar með hliðsjón af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, meðal annars með tilliti til álagspols náttúrunnar, sbr. 2. tl. 2. viðauka sömu laga. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa og til þess hverjar líkur eru á áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laganna.

Orkustofnun  
b.t. Kristjáns Geirssonar, verkefnastjóra  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2019

## Efni: Umsókn leyfi til efnistöku af hafsbotni í Engeyjarnámu í Kollafirði

### I.

Vísað er til fyrri erinda Björgunar ehf. vegna umsóknar um leyfi til efnistöku úr Engeyjarnámu austur af Engey í Kollafirði, dags. 16. janúar og 24. júní sl. sem og annarra samskipta Björgunar og Orkustofnunar þar að lútandi. Björgun hefur farið þess á leit við LEX lögmennsstofu að annast samskipti við Orkustofnun vegna leyfismálanna.

### II.

Björgun hefur nýtt malarefni úr Engeyjarnámu í Kollafirði frá árinu 1987. Tilgangur efnistökkunnar hefur einkum verið að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbik. Efnistakan er gerð með dæluskipum með holudælingu eða með gröfupramma. Orkustofnun veitti Björgun síðast leyfi til efnistöku af hafsbotni fjórum námum í Kollafirði með bréfi dags. 3. nóvember 2009. Við leyfisveitinguna leit Orkustofnun meðal annars til mats á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Kollafirði og álits Skipulagsstofnunar þess efnis frá 20. nóvember 2008. Samkvæmt leyfi Orkustofnunar mátti Björgun taka 200.000 rúmmetra af efni í Engeyjarnámu á tíu ára tímabili, frá frá 3. nóvember 2009 til 3. nóvember 2019. Björgun fullnýtti þessa heimild og vann 200.000 rúmmetri af efni úr Engeyjarnámu áður en gildistími leyfisins rann út.

Nýlegar rannsóknir benda til þess að meira efnismagn er að finna í Engeyjarnámu en áður var talið. Með erindi sínu 16. janúar sl. óskaði Björgun því eftir viðbótarleyfi til efnistöku á allt að 125.000 rúmmetrum af efni úr Engeyjarnámu til bráðabirgða út árið 2019 í ljósi þess að fyrirtækið hafði þá þegar fullnýtt heimild sína til efnistöku. Lagt var til að efnistöku yrði fram haldið innan sömu marka og lágu til grundvallar leyfinu frá 2009.

Björgun sendi annað erindi til Orkustofnunar 24. júní sl. þar sem upplýst var að félagið myndi tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða breytingu á efnistöku í Engeyjarnámu með vísan til 6. gr. laga nr. 160/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. einnig 13.01 í 1. viðauka laganna, þar sem fjallað er um breytingar og viðbætur við matsskyldar framkvæmdir. Fyrirséð var að leyfisveitingin myndi dragast vegna meðferðar skipulagsstofnunar. Björgun óskaði því eftir að breyta umsókn sinni þannig að félaginu yrði heimilt að taka 125.000 rúmmetra af efni úr Engeyjarnámu í 12 mánuði frá veitingu leyfis.

Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu með ákvörðun 22. nóvember sl. að áframhaldandi efnistaka á 125.000 rúmmetrum í Engeyjarnámu væri ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því skyldi framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


## III.

Með vísan til framangreinds er þess farið á leit við Orkustofnun að stofnunin veiti Björgun nýtt langtímaleyfi til töku á 125.000 þúsund rúmmetrum af efni af hafsbotni í Engeyjarnámu, á sama efnistökusvæði og leyfi Björgunar frá 2009 gerði ráð fyrir.

Það upplýsist einnig að Björgun vinnur nú að rannsóknum í Kollafirði á grundvelli leyfis til leitar og rannsókna á lausum jarðefnum sem Orkustofnun veitti 31. maí sl. Björgun hyggst sækja um ný langtímaleyfi fyrir efnistökusvæði í Kollafirði þegar niðurstöður efnisleitar liggja fyrir. Margt bendir til þess að umtalsvert magn af vinnanlegu efni sé að finna í Kollafirði og þar með talið á svæðum við Engey. Björgun áskilur sér því einnig rétt til að óska eftir breytingu á fyrirhuguðu leyfi vegna Engeyjar ef niðurstöður mælinga gefa tilefni til.

Virðingarfyllt,

f.h. Guðjóns Ármannssonar hrl. / Björgunar ehf.



Hjalti Geir Erlendsson, lögmaður



Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2020  
Tilvísun: 2020030032/25.24

## **Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um umsókn Björgunar um leyfi til töku efnis af hafsbotni utan netlaga Engeyjarnámu**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 24. febrúar 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um umsókn Björgunar um leyfi til töku efnis af hafsbotni utan netlaga Engeyjarnámu í Kollafirði. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja.

Í svari sínu dags. 10. október 2019 við fyrirspurn Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhugaðar breytingar á efnistöku í Engeyjarnámu ættu að vera háðar mati á umhverfisáhrifum komst HER að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að fara í nýtt mat á umhverfisáhrifum á þessum stað. Skoða þyrfti hver áhrifin af efnistöku undanfarinna ára hafi verið og geti mögulega orðið við aukna vinnslu. Að mati HER lágu ekki fyrir nægjanleg gögn til að segja til um umhverfisáhrif aukinnar námavinnslu. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu dags. 22. nóvember 2019 að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. HER telur enn að slíkt mat væri nauðsynlegt.

HER bendir á að hér er um að ræða töluverða aukningu á efnisvinnslu (125.000 m<sup>3</sup>) frá leyfi Orkustofnunar frá 2009 sem takmarkaðist við allt að 200.000 m<sup>3</sup> og hefur vinnsla þess magns þegar farið fram. Í fyrirspurn Björgunar til Skipulagsstofnunar 2019 um matsskyldu framkvæmdarinnar kemur fram að skv. matsskýrslu frá 2008 sé strönd Engeyjar "í góðu skjóli gagnvart úthafsöldu. Mesta breyting á ölduhæð fyrir og eftir námuvinnslu er 2% sem er innan marka..." HER bendir á að engar nýjar upplýsingar eða rannsóknir virðast liggja fyrir um áhrif malarnámsins og því ekki vitað hvort forsendur í matsskýrslunni standist. Að mati HER hafa auk þess orðið forsendubreytingar á þeim bráðum 12 árum sem liðin eru frá gerð matsskýrslu þar sem nýjustu rannsóknir benda til þess að hækkun sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga gerist hraðar en áður var gert ráð fyrir. Vætanlega þarf að uppfæra líkön og útreikninga í samræmi við það. Engey er varpsvæði sjófugla og því mikilvægt að vita hvort námavinnslan hefur áhrif á ölduhæð, strandrof og flóðahættu.

Engin ný gögn um áhrif námuvinnslu á botndýralíf í Kollafirði fylgja erindinu en samkvæmt botndýrarannsókn í matsskýrslu vegna námuvinnslu Björgunar frá 2008 var talið að námuvinnslan hefði óveruleg áhrif. HER vill ítreka hér það sem kom fram í umsögn embættisins til Orkustofnunar dags. 8. maí 2009 um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni á 15 svæðum í Kollafirði á tímabilinu 2009-2019, en þar segir m.a. "Í álitinu Skipulagsstofnunar er talin nauðsyn á því að unnið sé að því að finna skynsamleg viðmið og auka þekkingu á vistkerfi Kollafjarðar".



Þar sem fullnægjandi rannsóknir vantar þarf að binda leyfisveitingu við styttri tíma og leggja grunn að viðmiðum með rannsóknum. Síðan þarf að meta áframhaldandi leyfisveitingu með tilliti til niðurstaðna rannsókna og vöktunar. HER telur að við jafn viðamiklar framkvæmdir og námavinnslu á hafsbotni sé þörf á rannsóknum og vöktun á lífríki. Sjófuglar eiga sér varpstað á eyjunum á sundunum og sækja sér fæðu á þessu svæði. Fylgjast þarf því með áhrifum allrar námavinnslu og horfa til svæðisins í heild.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Kristín Lóa Ólafsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi